



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar
á ljósmyndum Vigfúsar Sigurgeirssonar**

Þjóðminjasafninu 27. september 2008

Góðir sýningargestir.

Þegar Íslendingar voru að vakna til vitundar um eigin rétt og sjálfstæðisbaráttunni var ýtt úr vör um miðbik 19. aldar var náttúran samofin skáldskapnum í hugum þjóðarinnar.

Ljóðin þrungenin ættjarðarást, fjöll og fossar, ægifögur kennileiti urðu tákn um arfleifð og eðalkosti, réttlætning sem var fátækri þjóð nauðsynleg þegar reidd voru fram rökin, málatilbúnaður sem duga átti í glímunni við hið erlenda vald.

Þótt þjóðin kynni texta Jónasar og Gríms, Hannesar og Einars Ben. og lofsöngvar um tiltekna staði væru tamir á tungu, höfðu fæstir augum litið meira en örlítið brot af hinni rómuðu náttúru Íslands.

Það var því mikið í fang færst þegar frumkvöðlar hófu ljósmyndavélina á loft til að gefa landsmönnum kost á að njóta náttúrunnar með hjálp nýrrar tækni. Þá var engan veginn nóg að vera snjall í stillingunum, kunna á ljósopið og aðra verklega þætti. Í raun urðu þessir brautryðjendur líka að vera skáld, listamenn sem næðu að fanga, fyrst í svart-hvítu og síðar í lit á upphafsárum þeirrar tækni, þær tilfinningar sem áttu sér djúpar rætur í hjörtum Íslendinga. Myndirnar urðu að gegna líku hlutverki og ljóðin sem áður voru farvegur ættjarðarástar.

Í þessari sveit brautryðjenda var Vigfús Sigurgeirsson í fremstu röð, í raun snillingur sem sómir sér vel meðal fremstu skálda okkar og listamanna á síðustu öld, skóp verk sem óhikað má telja til gersema íslenskrar menningar.

Myndir Vigfúsar eru ekki aðeins heimild um einstæða sýn hins merka ljósmyndara heldur líka vitnisburður um lofsöng kynslóðar sem bæði sótti Alþingishátíð og fagnaði lýðveldistöku á Þingvöllum við Öxará.

Það er því vel við hæfi að Þjóðminjasafnið heiðri minningu Vigfúsar með þeirri sýningu sem við opnum nú og skapi þjóðinni um leið tækifæri til að líta í eigin barm og spyrja sig á ný brýnna spurninga um samband sitt við náttúruna, um fegurðina og sköpunarverkið sem okkur er falið að varðveita hér norður í hafi.

Margar myndir Vigfúsar minna okkur líka á hve smár maðurinn getur orðið andspænis rismiklum fjöllum og breiðum fjörðum, hve lítil við erum í samanburði við óbyggðir landsins, að maðurinn er ekki herra heldur þegn á vettvangi náttúrunnar – það er landið sjálft sem ríkir eitt.

Á upphafsárum lýðveldisins varð Vigfús ljósmyndari forsetans og ferðaðist með Sveini Björnssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni um byggðir landsins, festi á filmu hátíðarstundir, samkomur alþýðu til sjávar og sveita, mannfagnaði og léttu leiki.

Þessar myndir eru meðal merkustu heimilda um fyrstu áratugi forsetaembættisins en um leið einstæður þjóðlífsspegill. Enginn annar ljósmyndari fór á þessum áratugum svo vítt og breitt um landið allt, náði að varðveita svipmót byggðarlaga, einstaklinga, íbúanna, í hátíðarskapi og daglegri önn.

Það varð mér einstök upplifun að kynnast á fyrstu mánuðum mínum í embætti þessu merka safni sem Gunnar, sonur Vigfúsar, hefur varðveitt með alúð og lofsverðum metnaði.

Þá tók ég ákvörðun um að gefa í hvert sinn sem farið væri í opinbera heimsókn í sýslur landsins og kaupstaði stækkaðar myndir úr þessu safni Vigfúsar, myndir sem sýndu fólkið í heimabyggð, unga og aldna, fyrir um hálfri öld. Lét reyndar þá kvöð fylgja gjöfinni að sveitarstjórnir skyldu láta nafngreina flesta þá sem á myndunum væru.

Gaman hefur verið á fjölmönnum fjölskylduhátíðum fyrir norðan og sunnan, austan og vestan, að færa íbúunum þessar myndir Vigfúsar sem þakkargjöf og verða vitni að ánægjunni þegar margir safnast í kringum þær í samkomulok. Ýmsir þekkja þar sjálfa sig á ungum aldri, gleðjast yfir myndum sem eru í senn arfur byggðarlagsins og vitnisburður um sambúð forseta og þjóðarinnar.

Það er mér því einkar ljúft, í raun kærkomið, að fá tækifæri til þess hér í dag að heiðra minningu Vigfúsar Sigurgeirssonar og hvetja þjóðina

um leið til að varðveita vel hans einstöku verk, þessar merku heimildir
um þjóðarvitund, ættjarðarást, náttúrusýn og sjálfstæðisgleði Íslendinga.